

# Ársskýrsla blakhóps Garps 2012

- fullorðinsstarf –



Kolbrún Sigþórsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Héraðsmót HSK í blaki 2011-2012.....	3
Öldungamót í blaki á Tröllaskaga 2012 .....	4
Vináttuleikir kvennaliðsins haustið 2012 .....	5
HSK mótið í blaki 2012-2013 .....	5
Lokaorð.....	6

## Inngangur

Árið 2012 var gott blakár hjá Garpi. Kvinnaliðið tók þátt í nokkrum mótum og æfingaleikjum, þjálfari sá um æfingar fyrir kvinnaliðið og karlaliðið skráði sig til keppni á hraðmóti HSK haustið 2012.

Opnar blakæfingar eru haldnar á miðvikudögum kl. 20 í íþróttahúsinu á Laugalandi.

Þeir sem stunda blak þar reglulega eru u.þ.b. tuttugu manns á aldrinum 18 til 64 ára,

bæði karlar og konur. Þá stundar dágóður hópur blakæfingar á vegum Laugalandsskóla á þriðjudögum kl. 17.

Á vorönn var einnig kvennaæfing á fimmtudögum kl. 18 undir stjórn Sigurbjörns Veigars Friðgeirssonar. Æfingarnar voru sameiginlegar með kvinnaliði Dímonar-Heklu.

Hér á eftir kemur yfirlit yfir starfsemi fullorðinna Garpa í blaki.

## Héraðsmót HSK í blaki 2011-2012

Bæði karla- og kvinnalið Garps tóku þátt í héraðsmótinu í blaki. Kvinnaliðin sem kepptu á mótinu voru tíu og enduðu Garpskonur í 5. sæti. Lið Garps skipuðu: Kolbrún Sigbórsdóttir fyrirliði, Kristín Hreinsdóttir, Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir, María Carmen Magnúsdóttir, Sigríður Arndís Þórðardóttir, Bryndís Karen Pálsdóttir, Svanhildur Hall og Sigrún Björk Benediksdóttir.

Karlaliðin voru átta og endaði Garpur þar í 8. sætinu. Lið Garps skipuðu: Guðni Sighvatsson fyrirliði, Sigurjón Bjarnason, Sigurjón Eiríksson, Sigurður Sigurðarson, Páll Georg Sigurðsson, og Þorsteinn Hjartarson.



**Garpskonur 2011-2012:**

Aftari röð f.v. Bryndís Karen, Sigríður Arndís, Kolbrún og Svanhildur.  
Fremri röð f.v. María Carmen, Ásta Hrönn og Kristín.

## Öldungamót í blaki á Tröllaskaga 2012

Garpskonur kepptu á öldungamóti í blaki á Tröllaskaga. Keppnin fór fram á þremur stöðum; á Siglufirði, Ólafsfirði og í Dalvík. Töluverð keyrsla var á milli staða, en öll lið kepptu einn dag á hverjum stað.

Garpskonur kepptu í 10. deild, en keppt var í 13 deildum kvenna á mótinu. Svo fór að Garpskonur lentu í 9. sæti og falla því niður um deild og spila í 11. deild á næsta ári. Lið Garps skipuðu: Kolbrún Sigþórsdóttir fyrri-liði, Kristín Hreinsdóttir, Sigrún Björk Benediksdóttir, María Carmen Magnúsdóttir, Sigríður Arndís Þórðardóttir og Jónella Sigurjónsdóttir. Liðstjóri var Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir.

## Vináttuleikir kvennaliðsins haustið 2012

Kvennalið Garps keppti einn æfingaleik árið 2012 annan en æfingaleiki á æfingum við Dímon-Heklu. Æfingaleikurinn var við Hvöt í Grímsnesinu og fór fram 20. nóv. á Ljósuborg.

## HSK mótið í blaki 2012-2013

Kvennalið Garps keppti á HSK mótinu í blaki 2012-2013.



### Kvennalið Garps á HSK mótinu í blaki 2012-2013

Aftari röð f.v.. Kristín, Bryndís Karen, Sigrún Björk, Ásta Hrönn og María Carmen.  
Fremri röð: Svanhildur, Inga Marey og Kolbrún. Á myndina vantar Sigríði Arndísi.

Mikil fjölgun hefur verið í hópi blakiðkenda á Suðurlandi og var kvennadeildinni því skipt í tvær deildir. Garpслиðinu var raðað í 2. deild.

Eftir fyrri umferðina, sem fram fór 21. nóvember 2012 á Laugarvatni, voru Garpskonur ósigráðar með fullt hús stiga. Seinni umferðin fór fram 25. febrúar 2013 og sigruðu Garpskonur alla sína leiki og fara því upp úr 2. deildinni á næsta ári.

## Lokaorð

Blakstarfið á Laugalandi er orðið fast í sessi. Það hefur haldist sleitulaust síðustu 14 - 15 árin og er opið fyrir alla sem lokið hafa grunnskólagöngu. Fyrir marga er blakið ómissandi þáttur í félagslífi sveitarinnar og tryggir aðgang að hollri hreyfingu í fjölbreyttum og góðum félagsskap fyrir íbúa svæðisins.